

29. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 20. nóvember 2007.

Mættir: Arne, Aðalheiður, Elli, Guðbjörg, Guðný og Hulda.

- **Heimsókn frá skipulagsdeild Akureyrarbæjar.**

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulagsstjóri, skipulags- og byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar heimsótti nefndarmenn og fór yfir helstu skipulagsmál hverfisins með þeim. Góð og upplýsandi kynning sem nýttist nefndarmönnum vel.

- **Fundargerð:**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

- **Félagsmiðstöðvar:**

Áfangaskýrsla ekki tilbúin. Starfsemin hefur að mestu leyti farið í fjölgreinafjör sem er íþrótt og tómstundaiðkun fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla. Verið er að fara yfir mál félagsmiðstöðva og mun nefndin fylgjast með þeim málum.

- **Fréttabréf**

Til stendur að senda út fréttabréf hverfisins í janúar.

- **Skjólbelti**

Nefndin sendir ábendingu til umhverfisnefndar um að gott væri að fá skjólbelti ofan við Jaðarsíðu þar sem vestanátt getur orðið ansi skæð í hverfinu.

Næsti fundur haldinn á nýju ári þann 12. janúar 2008.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.